
Valkyrjur

Þjóðleikhúsið flytur VALKYRJUR eftir Huldu Ólafsdóttur.

Það er ekki alveg vitlaus hugmynd að prófa nýja texta með leiklestri eins og gert var við þennan á kjallarasviði Þjóðleikhússins, en samt hlýtur þessi aðferð í rauninni alltaf að fela í sér þá þöglu umsögn leikhússins að textinn sé í rauninni ekki þess virði að setja hann á svið með fullkomnum hætti og er þess vegna vafasöm.

Í þessu tilviki reyndist mat leikhússins rétt, þessi texti er afar frumstæður og langt frá því að vera sýningarhæfur. Hann ber með sér mjög greinilega byrjendagalla, en einnig marga kosti. Höfundi er mikið niðri fyrir að koma skoðunum á framfæri, svo




SVERRIR HÓLMARSSON

mikið að hann skýtur á málfundi á sviðinu um hríð og rekur gang kvennabaráttunnar síðastliðin 15 ár. Þetta tekur langan tíma og er ógnarlega leiðinlegt. Í leikhúsi á ekki að kenna heldur dramatísera.

En Hulda Ólafsdóttir hefur gott eyra fyrir samtölum og skrifar víða eðlilega og hnyttna replikku. Og hún hefur ýmsar góðar hugmyndir, þannig að hún gæti eflaust skrifað miklu betra verk. En til þess hefði hún þurft tilsögn og gagnrýni á því stigi sem ekki á að birtast í blöðum heldur innanhúss í leikhúsinu. Með þessu hefur leikhúsið í reynd brugðist höfundinum. En leikhúsinu er vorkunn að því leyti að það hefur ekki á að skipa sérhæfðum manni til verksins.

Þess skal að lokum getið að leikararnir gerðu allir ágætlega.

Sverrir Hólmarsson



Þorvaldur Guðmundsson við Lífshlaupið, eitt verka á sýningu Kjarvalsverka í eigu hans í Háholti.

Aldarminning

Kjarval, Kjarval, Kjarval

Um 550 Kjarvalsmyndir sýndar á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu


Tvær nýjar Kjarvalssýningar hefjast nú um helgina til viðbótar þeim tveimur sem áður voru hafnar og eru nú um það bil 550 verk eftir meistarann til sýnis, sum þeirra í fyrsta sinn.

Kjarval 100 ára heitir sýning í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Á henni eru 50 myndir úr eigu hafnfirðinga, hin elsta frá 1914, hin yngsta frá 1965. Hafnarborg er á Strandgötu 14, 2. hæð. Sýningin verður opnuð í dag um fimmleytið og stendur til 3. nóvember. Hún er opin daglega frá tvö til sjö.

Meistari Kjarval 100 ára er heiti afmælissýningar með myndum úr eigu Þorvalds Guðmundssonar (Þorvalds í Síld og fisk). Sýningin er í Háholti í Hafnarfirði, við Reykjanesbraut. Þar eru 155 verk, elst jólakort frá 1905, en meginhlutinn frá árunum 1910-30. Margar myndanna eru nú sýndar fyrsta sinni. Meðal verka er Lífshlaup meistarans, málað veggfóðrið úr vinnustofu Kjarvals í Austurstræti. Þorvaldur hefur gefið út vandaða sýningarskrá með fjölda litmynda og texta eftir Gylfa Gíslason og Aðalstein Ingólfsson. Sýningin í Háholti er opin daglega frá tvö til sjö.

Kjarval í Listasafni Íslands: 130 myndir í þjóðareigu Listasafnsins. Sýningin er opin frá hálf tvö til tíu. Vegleg sýningarskrá hefur verið gefin út um Listasafnsverkin, og auk þess í henni yfirlit um ævi Kjarvals, sýningar hans, rit um hann og eftir hann.

Á Kjarvalsstöðum eru loks sýnd 215 verk úr eigu Kjarvalsstaða og einstaklinga, opin frá tvö til tíu.



Bók kemur út: Þessi mynd er af bók sem kemur út og telur útgefandinn að hér hafi í fyrsta skipti tekist að festa á filmu sjálft útgáfuaugnablik íslenskrar bókar. Höfundur bókarinnar er einnig á myndinni.

Útkoma

Þórarinn margsaga!

Miðvikudaginn sextánda október síðastliðinn gaf bókaútgáfan Gullbringa út fyrstu bók sína, Margsaga, smásagnasafn eftir Þórarin Eldjárn.

Í fréttatilkynningu frá forlaginu segir meðal annars að sögurnar í bókinni séu fjölbreytilegar að efni og stíl, gerist flestar í nútímanum og allar innan hálfs mannsaldurs frá deginum í dag (þ.e. 16. október) í báðar áttir. Í útjaðri sumra sagnanna segir bókaútgáfan að greina megi drög að óskráðri harmsögu Kjögxættarinnar, en að öðru leyti tengist sögurnar ekki innbyrðis ef undan er skilið að Ég er atkvæðamikill í mörgum þeirra, að vísu sjaldnast samur við sig.

Margsaga er sjöunda bók Þórarins og annað smásagnasafn hans. Hið fyrra hét Ofsögum sagt.

Með hinum nýju smásögum sínum hefur Þórarinn til vegs og virðingar ýmsar persónur sem hingaðtil hefur verið ofhljótt um í íslenskum bókmenntaheimi. Þar má nefna skáldið Braga Kjögx, prestinn Hörð Jósefsdalín, Rósu Þormóðsdóttur kvenfræðing, gagnrýnandann Egilluga, Þröst Haðarson prófarkalesara, að ógleymdum rithöfundinum Skúla W. Skíðdal, höfuðpersónu sögunnar Maðurinn er það sem hann væri.

Bók Þórarins er einkar eigulegur gripur. Þar má finna einhverjar mögnuðustu skírskotanir sem sést hafa í íslenskum bókmenntum, og með hinum nýju sögum sínum hefur hann loksins bilað kynslóðirnar. Segja má að bókin Margsaga marki í raun og veru endurreisn efnishyggjunnar í íslenskum skáldskap. **–m**

Er ekki tilvalið að gerast áskrifandi?

DJÓÐVILJINN

VETRARSKOÐUN – 1985

Gildistími 10. okt. – 1. des.

1. Mótorþvottur 2. Viftureim athuguð 3. Hleðsla og rafgeymir mæld 4. Rafgeymasambönd hreinsuð 5. Skipt um kerti 6. Skipt um platínur 7. Loftsía athuguð 8. Skipt um bensínsíu 9. Mótorstilling 10. Kælikerfi athugað 11. Frostþol mælt 12. Ljós yfirfarin og stillt 13. Rúðuþurrkur athugaðar – settur á frostvari 14. Hemlar reyndir.

VERÐ: (m/söluskatti)

4 cyl. 2.598,–
6 cyl. 3.352,–
8 cyl. 3.882,–

INNIFALIÐ Í VERÐI:

Vinna
Kerti
Platínur
Bensínsía
Frostvari fyrir rúðusprautu



GM
OPEL
ISUZU

BÍLVANGUR SF.
HÖFÐABAKKA 9 SÍMI 687300